



Stjórnarfundur 4 þriðjudaginn 29. maí 2018 kl. 16.30 á skrifstofu BLÍ.

Mætt; Jason Ívarsson, formaður, Andri Hnikarr Jónsson, Árni Jón Eggertsson, Svandís Þorsteinsdóttir, Afboð og mættu ekki; Stefán Jóhannesson, Steinn Einarsson, Sigurbjörn Árni Arngrímsson og, Kristín Hálfðánardóttir.

Dagskrá

- Útsendingar næsta vetur
- Framkvæmdanefnd fyrir landsleiki
- Næstu verkefni landsliða
- Næsta keppnistímabil
- Önnur mál

Fundargerð

Útsendingar næsta vetur

- Óvíst er með áframhaldandi útsendingar frá SportTv í sjónvarpi. Áfram verður hægt að senda út á netinu. Tíminn verður að leiða í ljós hvað verður um áframhald útsendinga í samvinnu við SportTv.
- OZ hefur verið að kynna nýja aðferð við útsendingar íþróttaviðburða sem verður í gegnum app í áskrift. Ef ákveðið verður að BLÍ fari í samstarf við OZ þá verður settur upp viðkomandi búnaður í íþróttahúsum. Viðkomandi félög þurfa að taka að sér umsjón útsendinganna.
- Þessi hugmynd verður kynnt viðkomandi félögum á fundi miðvikudaginn 6. maí. Á þeim fundi verður einnig kynnt hugmynd að breyttu fyrirkomulagi úrslitakeppninnar.
- Lögð voru fram drög að keppnisdagatali næsta keppnistímabils.

Framkvæmdanefnd fyrir landsleiki

- Töluverð umræða var um þennan lið. Það þarf að skipa 5-7 manna nefnd sem skiptir með sér hlutverkum svo sem að setja upp keppnisgólfið og ganga frá því, móttöku gestanna, gæslu, veitingasölu, umsjón leikja, ferðamáta og umsjón með keppendum auk markaðsmála.
- Ein hugmynd er að leita til mismunandi félaga sem fá þá einhverja umbun fyrir.

Næstu verkefni landsliða

- Rætt var um að skrá U 17 drengja og U 16 stúlkna í Evrópukeppni, annað hvort í gegnum SCD eða NEVZA. Sú spurning kom upp hvort nægur efniviður drengja væri fyrir hendi til þess að geta sent þokkalegt lið til keppni.
- Landsliðsnefnd mun vinna málið áfram.
- Næstu Smáþjóðaleikar verða í lok maí 2019.

Næsta keppnistímabil

- Staðan er frekar þröng og þörf á því að framlengja yfirdráttarlán. Tekjur eru í lágmarki á þessum árstíma.

Önnur mál

- Siðareglur frá síðasta fundi voru samþykktar. Finna þarf fulltrúa í siðanefnd BLÍ.
- Emil Gunnarsson hefur verið ráðinn þjálfari kvennalandsliðsins og nýr aðstoðarþjálfari er væntanlegur til landsins í byrjun júní.
- Dagana 4. – 11. september mun um 17 manna hópur koma frá Ítalíu. Hópnum er boðið til þess að endurgjalda móttökur íslenskra liða sem hafa farið til Ítalíu um páskana á undanförunum árum.
- Að lokum var rætt um að kortleggja starfsmannamál næsta vetrar.

Fleira var ekki rætt á fundinum.